KVENNAÁRSRÁÐSTEFNAN 1975

Niðurstöður starfshóps 11

"Jafnrétti - jafnstaða"

Framsögumaður : Björg Einarsdóttir
Umræðustjóri : Guðrún Friðgeirsdóttir
Ritari : Lilja Ólafsdóttir

Minnisatriði við umræðu :

1. Fá stúlkur og piltar jafna hvatningu og sömu tækifæri til menntunar og starfsvals ?

2. Hvaða sjónarmið ráða starfsvali fólks ?

3. Viðhorf karla og kvenna til starfa á heimilinu og í atvinnulífinu.

4. Þáttur umhverfis og fjölmiðla í viðhorfamótun fólks (t.a.m. fréttaflutningur, auglýsingar o.fl.)

5. Karlastörf - kvennastörf.

6. Er ástæða til að stuðla að breyttum viðhorfum fólks til menntunar og starfa - ef svo er, hvar og hvernig er þá hægt að rjúfa hringrás venjubundinna viðhorfa ?

Umræðustjóri hóf umræðurnar með því að minnast á dæmisögu, sem framsögumaður hafði sagt í ræðu sinni, af ungri telpu, sem ætlaði að verða prestur, en var sagt, að það gætu stúlkur ekki orðið. Þetta gerðist laust eftir 1930, en konur hafa haft sama rétt og karlar til allra embætta frá árinu 1911.

Mundi barn fá svipuð svör nú á dögum ?

Jafnréttisbarátta nútímans á rætur að rekja til breyttra atvinnu- og þjóðfélagshátta.

Konurnar hafa einangrast á heimilunum á meðan flestir þættir, sem tilheyrðu starfinu þar, hurfu út í atvinnulífið.

Nú stjórnar konan neyslunni, - áður tók hún þátt í framleiðslunni.

Álit hópsins var, að stúlkur veldu sér enn störf með það fyrir augum að þau væru hentug í ígripavinnu eða hlutastarfs og þau störf, sem skamman námstíma þarf til að gegna.

Starfsvalsbækur á unglingaskólastigi stuðla m.a. að þessu vali stúlkna, en þar er þeim ráðlagt að velja þannig störf.

Menntaskólakennari í hópnum sagðist greinilega verða var við þetta álit meðal nemenda sinna og kæmi það fram t.a.m. í ritgerðum þeirra. Stúlkurnar ætla sér styttra framhaldsnám en piltar, velja t.a.m. hjúkrun í stað læknisfræði og undantekning væri ef þær hygðu á langskólanám. Þær miðuðu við að dreifa starfskröftum sínum á tveim vígstöðvum. Piltar miða hins vegar við að þurfa að fram-

fleyta fjölskyldu með atvinnu sinni og velja starf, sem gefur möguleika á góðri fjárhagsafkomu.

Í öllum býr löngun til að eiga fjölskyldu og heimili og veita börnum sínum meira en veraldlegar þarfir. Það er þó mikil ábyrgð að ala allar stúlkur upp til þess fyrst og fremst að sinna uppeldisstörfum. Þær eiga 60 ára starfsævi framundan, en af henni fara í mesta lagi 10-20 ár í uppeldisstörf. En það er ekki rétt, að aðeins stúlkur eigi að miða að barnauppeldi, feður ættu ekkert síður að taka frí frá störfum og vinna hálft starf á meðan á barnauppeldi stendur, hafi þeir hug á því.

Enn er það ríkt í ungum körlum, að ætlast til þess og þykja sjálfsagt, að konurnar sinni börnum og heimilisstörfum einar, þótt þær vinni utan heimilis. Af þessu verða oft óleysanlegir árekstrar, ef konan lætur ekki undan og vinnur störfin að mestu ein.

Karlar byggja á því að fá þjónustu á heimilinu, fyrst í föðurgarði, þar sem mæður og systur elda, taka til, þrífa, dytta að fötum og annast alla umhirðu þeirra, en síðan í hjónabandi gera þeir kröfu til hins sama af eiginkonu sinni. Enginn gerir ráð fyrir að kona eigi heimtingu á sams konar umönnun annarra í fjölskyldunni.

Skiljanlegt er, að konur vilji stundum sinna heimilisstörfum eingöngu vegna hinnar tvöföldu starfsbyrði er ella hvílir á þeim, en fæstir hafa kraft til að standast hana til lengdar. Hvatning verður að koma frá heimilunum sjálfum um að ala drengi og stúlkur þannig upp, að þau læri öll heimilisstörf og að öðru leyti það sama til að verða sjálfbjarga. Í uppeldi verður hvatningin að koma til starfsvals og menntunar og umönnunar sjálf sín og barna sinna.

Varhugavert er að setja eins skörp skil í umgengni telpna og drengja og gert er. Telpur eru klæddar bleikum fötum við fæðingu, talað um hvað þær séu fínar, "sætar" og "penar" og hvattar til að gæla við brúður. Drengir fá bláan klæðnað, hvattir til að sýna hreysti, vera sterkir og kennt að auðmýkjandi sé að sýna tilfinningar og gráta.

Máttur auglýsinga er mikill og á sterkan þátt í að viðhalda myndinni. Þær sýna hina síungu og fögru konu og hamrað er á því að konur skuli setja fegurð og kynþokka ofar öðrum eiginleikum. Til karlmanna er höfðað sem þess er peningavald og þekkingu hefur. Þó er þetta að breytast, þar eð konur hafa nú fremur sjálfstæð fjárráð en áður.

Dæmi var tekið af auglýsingu á frystikistu, sem "sparar konunni sporin, en eiginmanninum útgjöldin". "Jólagjöfin til eiginkonunnar" var ryksuga, sem á mynd var vafin utan um fagra, broshýra konu og benti til hamingju hennar að eiga slíkan hlut.

Fréttaflutningur og áhrif fjölmiðla ganga í sömu átt: Í fyrrasumar birtist í einu dagblaðanna mynd, þar sem allir Alþingismenn gengu fylktu liði til Lögbergs, ásamt mökum sínum. Í texta með myndinni var sagt að þar gæfi að líta Alþingismenn og konur þeirra, rétt eins og allir Alþingismenn væru karlkyns.

Innihald skólabóka speglar ríkjandi skoðun. Taka þarf allar skólabækur og þurrka út hina hefðbundnu mynd kynja.

Í Noregi er nú verið að framkvæma, af ríkisskipaðri nefnd, 5 ára áætlun um að endurskoða innihald allra skólabóka til að finna og eyða hverju því, sem mismunun kynni að valda. Ennfremur fer fram endurskoðun á menntun kennara til að

stuðla að því, að túlkun þeirra á námsefninu sé í anda laganna. Kennarar, sem nú þegar eru í starfi, fá endurmenntun í samræmi við það. Sama þarf að gera hér á landi, enda hefur Helvi Sipilä skorað á þjóðir S.Þ. að gera framtíðaráætlanir sem þessa.

Í lögum nr. 55 frá 21.5. 1974 segir svo :

7. gr. Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.

Breyta verður námsskrá þannig, að fullt jafnrétti verði framkvæmt. Þótt byrjað sé að samræma handavinnukennslu í skólum er hún víða kyngreind enn og yfirleitt eru telpur og drengir hvort út af fyrir sig í þeirri kennslu.

Dæmi var tekið af stúlku, sem hafði minni undirbúningsmenntun en piltarnir vegna kyngreindrar handavinnukennslu á grunnskólastigi og varð það henni til tálmunar við tækninám.

Hvernig er mögulegt nú að taka á mismunum kynja og afnema hana ?

Verkaskiptingin á heimilunum er grundvallarvandamálið. Með því að viðurkenna ekki þá staðreynd gefum við falska mynd.

Við verðum að ala næstu kynslóðir upp með opin augu fyrir því, að mismunun sé gerð á konum og körlum og að rangt sé að viðhalda henni.

Foreldrar eru alltaf einu skrefi á eftir nútímanum í uppeldi barna sinna. Þeir ala börn sín upp eins og þeir vildu sjálfir hafa verið upp aldir, og miða því uppeldi þeirra við aðstæður, sem eru ekki lengur fyrir hendi. Erfitt er að hafa áhrif á þetta, en til að vega gegn því, þurfa skólarnir að vera skrefi á undan.

Uppeldi skólanna verður að miða við framtíðina, því að börnin, sem verið er að ala upp, munu verða kynslóð hennar.

Samhliða þessu verður að hafa í huga, að viðhorfi kynslóða verður ekki breytt á einum degi og gefa verður fólki tíma til að aðlaga sig breyttum aðstæðum.

Gæta ber þess að gleyma ekki börnunum í hraðfara baráttu. Barnaheimili geta orðið gæslustofnanir í stað jákvæðra uppeldisheimila, sé ekki að gætt. Velferð barnsins skal ætíð höfð að leiðarljósi.

Einn fundarmanna bar fram eftirfarandi spurningar :

Vilja konur taka á sig fjárhagsábyrgð, ef þær geta losnað undan því ?

Óska þær eftir að vera neyddar til að taka hana til jafns við karla ?

Vilja þær tapa því öryggi að fá að vera heima ?

Svör starfshópsins voru á þessa leið :

Vafasamt er öryggið sem í því felst að láta annan sjá fyrir sér. Það er háð því, að einhver sé fyrir hendi til að veita það, en slíkt er fallvalt.

Margar konur, sem neyðast til að fara út á vinnumarkaðinn, vilja síðan ekki hverfa þaðan aftur, þegar þær hafa öðlast það sjálfstraust og þá öryggistilfinningu, sem það veitir að vera fjárhagslega óháður. Ekki má gleyma því, að margar hafa ekkert val af ýmsum ástæðum.

Algengt er, að karlmenn sjái um fjármál heimilanna að mestu leyti og konurnar kunna þá lítil skil á lánaumsóknum og víxlaveltu og óttast að þurfa að sinna þeim málum. En ekki er víst að allir karlar kæri sig um að hafa fjárhagsbyrðina.

Eðlilegast er, að hjónin skipti með sér verkum að vild eftir áhugamálum og hæfileikum.

Konur verða að venjast því að líta á sig sem menn, er njóta réttinda og uppfylla skyldur, algerlega á sama hátt og karlmenn.

Hvernig viljum við hafa þjóðfélagið ?, spurði sami fundarmaður.

Hópurinn var á einu máli um, að þjóðfélagið yrði að veita öllum sem best tækifæri til að nýta upplag sitt og hæfileika og njóta sín á sem fyllstan hátt.

Ekki má stuðla að því að steypa alla í sama mót, né beina þeim inn á ákveðnar brautir. Það vilja ekki allir verða læknar, húsmæður eða sjómenn.

Innan hópsins ríkir mismunandi skoðun á því hvaða þjóðskipulag væri heppilegast, sumir aðhyllast sósíalisma,aðrir kapítalisma eða eitthvað þar á milli.

Enginn áhugi er fyrir hendi á að ræða það né reyna að samræma þær skoðanir og engin ástæða er til að hópurinn hafi sameiginlega skoðun á því. Það væri andleg malbikun, ef konur fremur en karlar væru sammála um gerð þjóðskipulagsins.

Það hindrar konur ekki í að standa saman að öðru leyti og styðja hver aðra í viðleitninni til að njóta sín.

Við verðum að hvetja hver aðra til allra starfa, því hæfni til að gegna þeim er einstaklingsbundin en ekki kynbundin.